

Kjaradeild
Atli Atlason
Deildarstjóri

Launakjör borgarstjóra

Með tölvupósti til kjaradeildar dags. 22. nóvember 2016 ítrekaði ég fyrirmæli, sem áður höfðu verið gefin munnlega, þar sem óskað var eftir að laun mín myndu ekki taka breytingum í samræmi við hækkun á launum forsætisráðherra, þrátt fyrir ákvæði í ráðningabréfi mínu, þar til annað væri ákveðið. Vildi ég með því veita Alþingi svigrúm til að grípa inn í niðurstöðu kjararáðs. Af því varð ekki og tókst forsætisnefnd borgarstjórnar í kjölfarið á hendur það verkefni að útfæra ný viðmið fyrir laun borgarfulltrúa í breiðri samvinnu allra flokka.

Á fundi borgarstjórnar 4. apríl sl. voru samþykktar breytingar á launum kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Um þær breytingar skapaðist breið sátt í borgarstjórn. Þar var ákveðið að grunnlaun borgarfulltrúa taki framvegis breytingum til samræmis við launavísitölu. Upphaf viðmiðunartímabilsins var ákveðið mars 2013 og að launin yrðu uppfærð í janúar og júlí ár hvert. Breytingin sjálf var miðuð við 1. nóvember 2016.

Laun borgarstjóra hafa um árabíl verið miðuð við laun forsætisráðherra eins og tekið er fram í gildandi ráðningabréfi borgarstjóra. Laun borgarstjóra hefðu því átt að hækka til samræmis við hækkun launa forsætisráðherra í framhaldi af úrskurði kjararáðs, dags. 29. október 2016. Í ljósi framangreindrar ákvörðunar borgarstjórnar frá 4. apríl sl. er þess óskað, að í stað þess að laun borgarstjóra hækki til samræmis við laun forsætisráðherra eins og leiðir af ákvæðum ráðningabréfs borgarstjóra, geri kjaradeild sambærilegar breytingar á launum borgarstjóra og gerðar voru á launum borgarfulltrúa út þetta kjörtímabil.

Dagur B. Eggertsson

